

Rauði krossinn við Eyjafjörð

ÁRSSKÝRSLA 2023



EFNISYFIRLIT

STJÓRN	1
ÁVARP FORMANNS	2
ÖFLUGT SJÁLFBODASTARF	3
HÚSNÆÐISMÁL.....	4
STARFSMANNAMÁL	5
VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR	
FATAVERKEFNI	7
VINAHÓPAR	10
FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR	11
VINAVERKEFNI	17
NEYÐARVARNIR	18
VIÐBRAGÐSHÓPUR	19
HJÁLPARSÍMINN 1717	20
FRÚ RAGNHEIÐUR	21
VELFERÐARSJÓÐUR	23
NÁMSKEIÐAHALD OG FRÆÐSLA	24
VIÐBRÖGÐ VIÐ NEYÐARBEIÐNUM	26
FÉLAGSSTARF	27
SAMSTARFSADILAR	28
STYRKIR OG VELUNNARAR	29

STJÓRN

Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2023:

FORMAÐUR

Til tveggja ára 2023-2025 var kosinn
Þorsteinn K. Björnsson (Dalvík)

AÐALMENN

Til tveggja ára 2023-2025 voru kosin
Gísli Kort Kristófersson (Akureyri)
Hilmar Friðjónsson (Akureyri)
Kári Fannar Lárusson (Akureyri)
Sigríður Stefánsdóttir (Akureyri)

Áfram sitja í stjórn til 2024, kosin til tveggja ára á aðalfundi 2022

Kristín B. Gunnarsdóttir (Akureyri)
Konráð K. Baldursson (Siglufirði)
Jón Baldvin Hannesson (Akureyri)
Kristjana V. Valgeirsdóttir (Ólafsfirði)

VARAMENN

Til eins árs 2023-2024 voru kosin
Eva Hrund Einarsdóttir (Akureyri)
Helga Margrét Freysdóttir (Grenivík)
Jovana Kotaras (Akureyri)
Karen Malmqist (Akureyri)

Guðlaug Kristinsdóttir var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs

Á stjórnarfundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var Kristín Björk Gunnarsdóttir kjörin varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari og Hilmar Friðjónsson gjaldkeri

ÁVARP FORMANNS



Þorsteinn K. Björnsson
Formaður

Starfsemi Eyjafjarðardeildar Rauða krossins mótast af þörfum samfélagsins hverju sinni. Það tekur ýmsum ófyrirséðum breytingum ár hvert, sem starfsmenn og sjálfbóðaliðar deildarinnar bregðast við með fagmannlegum hætti. Það er vissulega ánægjulegt að verða vitni að því hve lifandi starfsemin er og breytingum undirorpin á þessum krefjandi tímum.

Síðastliðin tvö ár hefur átt sér stað mikil fjölgun á komu flóttafólks sem óskar eftir landvist á Íslandi. Þetta er bæði gefandi og mikilvægt verkefni sem hefur reynt á starfsemi deildarinnar, ekki síst þegar kemur að málsvarahlutverki okkar. Við höfum lagt áherslu á að eiga gott samstarf við stofnanir og önnur félög sem að málaflokknum koma hér á svæðinu og finnum vel fyrir þeim árangri sem slíkt samstarf skilar.

Náttúruhamfarir á Suðurnesjum höfðu áhrif á starfsemi Rauða krossins á Íslandi bæði í tengslum við neyðarvarnir og sálrænan stuðning. Starfsfólk Eyjafjarðardeildar hefur hlotið þjálfun í sálrænum stuðningi og fór til starfa í þjónustumiðstöð fyrir Grindvíkinga. Nú leggur deildin áherslu á að bjóða öllum sjálfbóðaliðum á svæðinu upp á þjálfun í sálrænum stuðningi.

Breyting á móttöku og skilum á textíl hjá sveitarfélögum mun hafa áhrif á fataverkefni Rauða krossins. Eins og flestum er kunnugt um hefur Rauði krossinn til fjölda ára verið leiðandi í móttöku, flokkun og sölu á notuðum fatnaði. Auk þess að vera umhverfisvænt verkefni þá hefur það einnig skilað nokkrum tekjum til mannúðarstarfs á starfssvæði deildarinnar. Það er von okkar að svo verði áfram.

Eins og fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2023 er fjárhagsstaða deildarinnar góð. Það er verulega ánægjuleg niðurstaða en ekki sjálfgefin og byggir á óeigingjörnu vinnuframlagi sjálfbóðaliða sem er grundvöllur alls mannúðarstarfs Rauða krossins.

Stjórn Eyjafjarðardeildar vill þakka starfsfólki og þó sérstaklega sjálfbóðaliðum fyrir að halda merkjum Rauða krossins á lofti með fagmennsku og háttvísi að leiðarljósi. Stjórnin vill einnig þakka öllum þeim aðilum sem hafa stutt hin ýmsu verkefni deildarinnar á liðnu ári með fjárframlögum og/eða vinnu.

ÖFLUGT SJÁLFBODASTARF

Á árinu greiddu **531** félagsgjöld. Þá voru **354** sjálfbodaliðar með skráðan sjálfbodaliðasamning við deildina á árinu og komu að **411** verkeiningum. Með verkeiningum er átt við framlag eins sjálfbodaliða til eins verkefnis. Sami sjálfbodaliði getur tekið þátt í fleiri en einu verkefni og þess vegna eru verkeiningarnar fleiri en sjálfbodaliðarnir. Það er því ekki hægt að segja annað en að gott og öflugt sjálfbodaliðastarf sé við deildina.



HÚSNÆÐISMÁL

Deildin hefur aðgang að húsnæði Slysavarnarfélagsins á Siglufirði fyrir starfseminar þar. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnarfélaginu fyrir vinaverkefni. Þar eru jafnframt flokkuð föt og rekinn fatamarkaður. Á Dalvík eru föt flokkuð og verslun starfrækt sömuleiðis í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í eigin húsnæði deildarinnar við Viðjulund 2.

Nýting húsnæðisins í Viðjulundi var mjög góð á árinu. Salarleiga hefur aldrei verið meiri og fjöldi skyndihjálparnámskeiða var svipaður og árið áður. Ýmsir viðburðir og námskeið voru haldin fyrir skjólstæðinga og sjálfboðaliða. Stærstu viðburðir ársins voru sumargrill og jólahlaðborð fyrir sjálfboðaliða þar sem hátt í 100 manns mættu á hvorn viðburð. Kennslusalir voru vel nýttir undir námskeið, fundi, handverkshóp og aðra starfsemi. Einnig eru dæmi um að verkefnapör (skjólstæðingur og sjálfboðaliði) nýti aðstöðuna undir vikulega hittinga sína í íslenskuverkefni deildarinnar, Tölum saman.

Fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu. Hjálparsíminn, Frú Ragnheiður og neyðarvarnir samnýta aðstöðu í Guðnýjarstofu, herbergi á neðri hæð sem einnig er nýtt sem skrifstofa. Þar starfa alla jafna þrír starfsmenn Landsskrifstofu og Eyjafjarðardeildar auk þess sem gestkomandi starfsmenn Rauða krossins hafa nýtt starfsaðstöðuna þar.

Leigusamningur um suðurenda húsnæðisins frá haustinu 2022 var áfram í gildi. Hann felur í sér að leigutaki leigir nú allan syðsta enda hússins og greiðir mánaðarlega leigu.



Talsverðar endurbætur hafa átt sér stað á húsnæðinu í Viðjulundi sl. ár. Við upphaf árs var lagt parket á efri hæð hússins og niður stigann. Einnig var sett upp stöng fyrir reiðhjól við húsið.

STARFSMANNAMÁL

Árið 2023 var Ingibjörg E. Halldórsdóttir í fullu starfi deildarstjóra við deildinna. Sóley Björk Stefánsdóttir, verkefnastjóri, fór úr fullu starfi í 85% starfshlutfall þann 1. júní. Unnar A. Friðlaugsson hætti störfum hjá deildinni í mars. Patrekur Knutsen var fastráðinn í 50% starf húsvarðar frá haustmánuðum eftir að hafa sinnt starfinu í tímabundinni ráðningu frá því haustið 2022. Róbert Theodórsson var verkefnastjóri í málefnum flóttafólks í fullu starfi. Inga Lilja Ólafsdóttir var ráðin í tímabundið 50% starf verkefnastjóra í málefnum flóttafólks við upphaf árs og lauk störfum í júní. Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir var ráðin á haustmánuðum í 30% starf verkefnafulltrúa í málefnum flóttafólks til áramóta. Um áramót var hún ráðin áfram til þriggja mánaða, út mars 2024. Berglind Júlíusdóttir og Edda Ásgrímsdóttir deila áfram u.þ.b 20% stöðugildi í verktöku fyrir verkefnið Frú Ragnheiður. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir gegndi áfram starfi neyðarvarnarfulltrúa hjá Landsskrifstofu með starfsaðstöðu að hluta hjá Eyjafjarðardeild.



VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR

Árið 2023 hófust 111 nýjar verkeiningar en 96 verkeiningum lauk.



FATAVERKEFNI

SÖFNUN OG FLOKKUN

Fötum er safnað í gáma á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri auk þess sem föt berast frá Svalbarðseyri, Laugum í Reykjadal, Mývatnssveit og fleiri stöðum. Föt frá Siglufirði eru send til Akureyrar þar sem þau eru flokkuð og sett í sölu eða útflutning.

Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og fatamarkaður er opinn einu sinni í viku. Fötin sem nýtast ekki í Ólafsfirði eru send til Dalvíkur og Akureyrar. Á Dalvík eru föt flokkuð og nýtileg föt seld í versluninni þar. Verslunin fær einnig einstöku sinnum föt frá Akureyri og Reykjavík. Það sem nýtist ekki á Dalvík er sent til Akureyrar til útflutnings.



Á Akureyri eru föt flokkuð og seld, ýmist í verslun eða á mánaðarlegum markaði. Þar að auki fær hópur sjálfboðaliða lopavörur og hvers kyns þrjónavöru til að selja á Ráðhústorginu á sumrin. Þrjónahópur nýtir garn sem berst í fatagámana til að þrjóna og hekla vörur sem seldar eru m.a. á Glerártorgi.

Þá fær Bjarg/lðjulundur, verndaður vinnustaður á Akureyri, bómullarefni úr fatasöfnuninni til að framleiða olúklúta. Það sem ekki er nýtt til sölu innanlands er sent úr landi í endurvinnslu.

Á árinu 2023 sendi Eyjafjarðardeild frá sér alls 15 40-feta gáma af fatnaði sem vógu rúm 160 tonn. Útflutningurinn var þó minni en á árinu 2022, sem nemur einum gámi. Sjálfboðaliðar sem unnu að fatasöfnun og -flokun voru 36; 26 á Akureyri, 4 á Dalvík, 4 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.



Hópur sjálfboðaliða í fataflokkun á Akureyri fóru á haustmánuðum í fræðslu og hópeflisferð um Norðurland. Heimsóttar voru verslanir Rauða krossins sem hafa fengið fatasendingar frá Akureyri. Byrjað var á því að heimsækja fataverslunina á Blönduósi þar sem sjálfboðaliðar Húnavatnssýsludeildar tóku á móti hópnum og fræddu um starfsemina í fataverkefninu á svæðinu. Frá Blönduósi var farið til Sauðárkróks og síðan Dalvíkur í sama tilgangi. Hópurinn endaði daginn á Akureyri þar sem þátttakendur borðuðu saman. Mikil jákvæðni ríkti og ánægja var með ferðina. Sjálfboðaliðar komu til baka með nýjar hugmyndir í farteskinu og sterkari sambönd við sjálfboðaliða Rauða krossins í öðrum deildum á Norðurlandi.

Haldnir voru nokkrir hádegisfundir með sjálfboðaliðum í fataverslun á Akureyri þar sem tekin voru fyrir málefni verslunarinnar á Akureyri. Einnig voru haldnir fundir með sjálfboðaliðum á Dalvík og í Ólafsfirði. Farið var með hópnum á Dalvík á veitingahúsið Gísla, Eirík og Helga þar sem fundað var um starfið yfir súpu og kaffi.



Sjálfboðaliðar í fataflokkun á Akureyri fóru í fræðslu og hópeflisferð



Í fataversluninni á Dalvík



15 gámar fóru frá Akureyri til flokkunarstöðva í Evrópu á árinu 2023



FATAVERSLANIR OG MARKAÐIR

Eyjafjarðardeild rak verslanir með notuð föt og skó á Dalvík og Akureyri. Auk þess var vikulega haldinn markaður í Ólafsfirði og gekk salan þar vonum framar þökk sé sjálfbóðaliðum í vinaverkefninu.

Fatamarkaðir eða flóamarkaðir með föt, skó og smávarning voru haldnir á Akureyri í byrjun hvers mánaðar ársins og nutu mikilla vinsælda.

Haldinn var fatamarkaður á Dalvík í kringum Fiskidaginn mikla og sjálfbóðaliðar úr versluninni á Akureyri mættu til að aðstoða í ösinni

Sjálfbóðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 55; 45 á Akureyri, 6 á Dalvík, og 4 í Ólafsfirði.

Torgsölur hafa mörg undanfarin sumur verið haldnar á Ráðhústorgi þegar stór skemmtiferðaskip hafa verið í höfn og þar seldar lopavörur. Sjálfbóðaliðar í torgsölu voru 4 en fleiri aðstoðuðu við flutninga og uppsetningu á vörum.



TEKJUR AF FATAVERKEFNUM

Tekjur af fataverslun á Akureyri voru um 23,8 milljónir króna, 5,2 mkr. á Dalvík og 1,2 mkr. í Ólafsfirði. Heildartekjur af mörkuðunum á árinu 2023 voru um 5,6 mkr. og tekjur af torgsölu um 3,6 mkr.

Heildartekjur af fatasölu Eyjafjarðardeildar voru um 39.400.000 krónur sem er tæplega 1 milljón meira en árið 2022. Þessu til viðbótar var seldur fatnaður úr verslunum og á mörkuðum deildarinnar fyrir fatakort að andvirði tæpum 4,5 mkr. Deildin skilaði tæpum 12,4 mkr til sameiginlegra verkefna á landsvísu og tekjur af verkefninu standa undir verulegum hluta af rekstrarkostnaði deildarinnar. Söfnun og endurnýting fatnaðar hefur víðtækara samfélagslegt gildi. Án þessarar starfsemi þyrftu íbúar á svæðinu að losa sig við þessa tegund úrgangs með öðrum hætti, með tilheyrandi kostnaði.

VINAHÓPAR

Tveir vinahópar eru starfræktir á Eyjafjarðar-svæðinu. Vikulega hittist hópur í Ólafsfirði þar sem fólk kemur saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna þau störf sem þeir treysta sér til eða bara að koma og fá sér kaffi, hitta annað fólk og taka þátt í uppbyggilegu spjalli. Tveir hópstjórar eru yfir verkefninu; Aðalheiður Sigurjónsdóttir heldur utan um fataflokkun og félagslega hlutann og Kristjana Valdey Valgeirsdóttir verslunina. Á síðari hluta ársins var öllum sjálfboðaliðum í vinahópnum í Ólafsfirði boðið upp á sjálfs-styrkingarnámskeið sem keypt var af Heilsu- og sálfræðipjónustunni.



Vinahópur á Ólafsfirði fór saman á Kaffi Klöru



Prjónahópur hittist alla miðvikudaga í Viðjulundi



Sumir prjóna heima og skila afrakstrinum til sölu í verslunum



Prjónavörur seldar á pop-up markaði á Glerártorgi

Prjónahópur á Akureyri prjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar en selja einnig afraksturinn á mörkuðum á Glerártorgi og Ráðhústorginu á Akureyri. Nokkrir sjálfboðaliðar úr hópnum sjá um að flokka allt garn sem kemur í fatagámana og merkja. Þannig verður betri nýting á garninu í prjónahópnum og gerir það endursöluvænna. Deildin hefur einnig sent nágrannadeildum garn. Einstaklingar í prjónahópnum taka stundum að sér að klára flíkur sem berast í fataflokkun svo hægt sé að selja þær. Jafnframt hefur prjónahópurinn brugðist við og prjónað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins, t.d. þá sem sækja þjónustu í verkefnið Frú Ragnheiður. Hópurinn var með vikulega samveru í Viðjulundi á árinu. Nokkrir sjálfboðaliðar taka ekki þátt í þessu hópastarfi en prjóna í heimahúsum og koma afurðunum til Rauða krossins.

Á hjúkrunarheimilinu Dalbæ á Dalvík er prjónahópur sem prjónar úr garni sem berst og afhendir afraksturinn til sölu í versluninni á Dalvík

Sjálfboðaliðar í vinahópum voru 38; 19 á Akureyri, 4 á Dalvík og 15 í Ólafsfirði.

STUÐNINGUR VIÐ FLÓTTAFÓLK OG AÐRA INNFLYTJENDUR

NÝTT SKIPULAG Í MÁLAFLOKKNUM

Frá því snemma á árinu 2022 hefur orðið mikil breyting í málefnum flóttafólks á Íslandi. Fjöldi þeirra sem leita hingað í von um alþjóðlega vernd hefur aldrei verið meiri og dreifing þessara einstaklinga um landið aldrei víðtækari. Til þess að mæta þessu breytta landslagi í málaflokknum kom Rauði krossinn á nýju skipulagi sem miðar að því að bjóða flóttafólki upp á sambærilega þjónustu hvar sem það er statt. Samkvæmt því var Eyjafjarðardeild falið að halda utan um þjónustu við þennan hóp á öllu Norður- og Austurlandi, á svæðinu sem spannar frá Hvammstanga suður á Höfn.

LEIÐSÖGUVINIR OG TÖLUM SAMAN

Pörunarverkefni eru rótgrónasta tegund persónulegs stuðnings sem Rauði krossinn býður flóttafólki og er það sem gagnast fólki hvað best samkvæmt rannsóknum. Í þeim eru einstaklingar, eða fjölskyldur, paraðir saman við íslenskan einstakling eða aðila sem hefur búið lengi á Íslandi og þekkir til samfélags, menningar og tungumáls. Skuldbinding beggja þátttakenda í verkefnunum tveimur er til a.m.k. sex mánaða.

Leiðsöguvinapör hittast a.m.k. 4-6 klst. á mánuði en yfirleitt mun lengur. Leiðsöguvinir aðstoða við að læra á samfélagið, æfa íslensku, svara hvers kyns spurningum, leiðbeina á ýmsa vegu og tengja fólk inn í samfélagið. Tungumálavinapör hittast a.m.k. fjórum sinnum í mánuði og eru fyrst og fremst að æfa tungumálið en algengt er að fólk hafi lítil tengsl inn í íslenskt málсамfélag og hafa því fá tækifæri til að æfa sig í málinu. Einstaklingar með lítið félagslegt tengslanet njóta einnig góðs af verkefninu þar sem um félagslega samveru er að ræða. Þátttaka í verkefninu stendur öllum einstaklingum af erlendum uppruna til boða, óháð því hvort það hefur stöðu flóttafólks. Hópstjóri í verkefninu var Petra Kristjánsdóttir.

Almennt er kvótaflóttafólk látið ganga fyrir hvað persónulegan stuðning varðar, enda nýkomið til landsins og ekki með tengslanet eins og margir umsækjendur um vernd hafa komið sér upp á málsmeðferðartímanum. Þá er öðrum sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri félagslegri stöðu einnig veittur forgangur í þörunarverkefni félagsins. Alls voru leiðsöguvinapörin 22 og tungumálavinapör 21 hjá Eyjafjarðardeild á árinu.

TUNGUMÁLAPJÁLFUN Í HÓP OG ÖNNUR HÓPVIRKNI



Með mikilli fjölgun flóttafólks á Eyjafjarðarsvæðinu, sem og landinu öllu hefur reynst erfitt að útvega sjálfboðaliða sem annað geta þessum fjölda í einstaklingsbundnum stuðningi. Því var ákveðið að þróa þjónustuna í þá átt að boðið væri upp á fleiri hópúrræði til þess að geta mætt sem flestum.



Í samstarfi við Amtsbókasafnið á Akureyri hefur verið boðið upp á vikulega tíma þar sem fólk kemur saman og æfir sig bæði í ensku og íslensku. Ekki er um hefðbundna kennslu að ræða, heldur þjálfun í gegnum leik undir handleiðslu sjálfboðaliða Rauða krossins. Þessi tungumálþjálfun fer fram í mötuneyti bókasafnsins og stendur öllum þeim sem kunna að hafa áhuga til boða, hvort sem þau hafa fengið veitta alþjóðlega vernd, eru enn í umsóknarferli eða dvelja hér á landi á öðrum forsendum. Tímarnir eru aðlagðir að getustigi þeirra sem koma hverju sinni og henta því öllum óháð kunnáttu.



Enskupjálfunin hóf göngu sína í aprílmánuði og var starfrækt fram á sumar. Hún var svo endurvakin í október. Þar sem ekki er um lokaðan hóp að ræða þar sem skráningar er krafist fyrir fram, hefur verið erfitt að henda reiður á fjölda notenda hverju sinni. Fjöldinn spannar allt frá 0 upp í 15 einstaklinga.

Rauði krossinn kom inn í Íslenskubjálfunina í júní en Amtsbókasafnið hafði haldið utan um verkefnið í nokkurn tíma. Upphaflega stóð til að deildin tæki verkefnið að sér yfir sumarmánuðina og yrði svo í samstarfi við bókasafnið um haustið. Eftir sumarið fór starfsfólk bókasafnsins þess á leit við deildina að stíga þar alfarið inn í vegna skorts á þekkingu og getu til að halda utan um sjálfbóðaliða verkefnisins. Þar sem verkefnið fellur einkar vel að hlutverki Rauða krossins samkvæmt samningi við stjórnvöld um þjónustu við einstaklinga með alþjóðlega vernd, vorum við boðin og búin til þess. Þeir sjálfbóðaliðar sem höfðu verið í verkefninu á vegum bókasafnsins gengu til liðs við sjálfbóðaliðahóp Rauða krossins eftir að hafa hlotið viðeigandi þjálfun.

Á árinu 2023 stóð deildin fyrir ýmiskonar félagsstarfi í tengslum við félagsmiðstöð sem sett var á laggirnar á Akureyri í lok árs 2022. Um tilraunaverkefni var að ræða sem gekk út á að kanna hvort að þörf væri á félagsstarfi sem væri skipulagt sérstaklega með flóttafólk í huga í ljósi tungumála- og menningarhindrana sem fyrirfinnst á meðal hópsins.



Íslensku- og ensku spjallklúbbar fara fram á Amtsbókasafninu

Fram á vor var opið hús haldið vikulega í húsnæði Lautarinnar í Brekkugötu þar sem notendum gafst kostur á að koma saman yfir kaffibolla. Almennt lá engin sérstök dagskrá fyrir en þó kom fyrir að efnt var til sérstakra viðburða á borð við keppni í pílukasti, Eurovision-party og sumargrill. Mæting var hendingum háð og yfirleitt fremur fámennt. Niðurstaðan var því sú að ekki væri þörf á slíku félagsstarfi, í það minnsta ekki með svo reglulegu millibili, og ákveðið var að láta staðar numið í maí.

Haldnir voru þónokkrir tilfallandi viðburðir í tengslum við ofangreinda félagsmiðstöð, ýmist að frumkvæði notenda eða framtaksamra bæjarbúa sem vildu leggja sitt að mörkum. Vikulega fóru fram danstímar fyrsta fjórðung ársins, páskaföndur, gönguferðir að vori í samstarfi við Soroptimistaklúbb Akureyrar, álfaleiðsögn um Lystigarðinn og kínversk teboð undir handleiðslu úkraínskis chai-meistara.

UNG MENNASTARF

Á árinu fór Eyjafjarðardeild af stað með starf ætlað ungmennum með erlendan bakgrunn á aldrinum 16 til 25 ára. Kveikjan að því voru sérstakar áhyggjur stjórnar deildarinnar af þessum tiltekna hópi og vilji hennar til þess að hrinda af stað verkefni sem mætir honum og þeim áskorunum sem hann stendur frammi fyrir. Rannsóknir benda til þess að umrædd ungmenni séu í sérstaklega viðkvæmri stöðu og eigi á hættu að vera bæði án atvinnu og utan skóla sem stuðlar að jaðarsetningu þessara einstaklinga. Þau njóta ekki sama aðgengis að samfélaginu og önnur ungmenni og því mikilvægt að hlúa sérstaklega að þeim.

Úr varð verkefni sem nefnist Seigla sem styrkur fékkst fyrir hjá Velferðarsjóði Eyjafjarðarsvæðis. Fyrsti áfangi verkefnisins var að setja saman nokkurra vikna sjálfsstyrkingarnámskeið sem samanstóð af blöndu af virkni og vinnustofum. Markmiðið var að gefa ungmennunum færi á að efla félagshæfni sína og samskiptafærni í vernduðu og hvetjandi umhverfi. Þetta gaf verkefnastjóra einnig færi á að kynnast hópnum og átta sig á stöðunni. Reynt var eftir fremsta megni að kasta út sem víðustu neti með því að hafa samband við þau sem eru í daglegum samskiptum við ungmenni á Akureyri og biðja þau um að koma boði um þátttöku áleiðis. Eftir því sem best var að komist voru fá eða engin ungmenni með flóttabakgrunn á þessu aldursbili á Eyjafjarðarsvæðinu utan Akureyrar. Því var ákveðið að einskorða námskeiðið við Akureyri að sinni.

Undirbúningsfundur var haldinn ásamt væntanlegum þátttakendum í apríl til þess að ákveða hvaða virkni skyldi vera hluti af námskeiðinu. Reiðtúr, paintball, zipline, skautar og gokart urðu fyrir valinu. Dale Carnegie, Sóley Ómarsdóttir, sérfræðingur í sálfélagslegum stuðningi hjá Landsskrifstofu Rauða krossins, og Miriam Petra Ómarsdóttir Awar, sérfræðingur hjá Rannís, voru fengin til að sjá um vinnustofu hluta námskeiðsins.



Námskeiðið spannaði fjögurra vikna tímabil frá 26. ágúst til 22. september þar sem hópurinn kom saman níu sinnum. Þátttakendur voru alls 14, öll yngri en 20 ára. Mikið og gott samstarf var við Verkmenntaskólann á Akureyri við framkvæmd verkefnisins.

Vinnustofur námskeiðsins voru vel heppnaðar. Ungmennin tóku virkan þátt, voru áhugasöm og virtust hafa gagn af því sem þau voru að læra. Þjálfari á vegum Dale Carnegie aðlagði námskeið sem nefnist „Lyklar að lífinu“ að þessum hópi. Á Dale Carnegie vinnustofunum var farið í efni á borð við þægindamörk, jafnvægi ólíkra þátta lífsins, markmiðasetningu og samskipti. Viðfangsefni vinnustofunnar sem Sóley Ómarsdóttir útbjó voru styrkleikar. Ungmennin fengu það verkefni að reyna átta sig á sínum styrkleikum og lærðu um mikilvægi einbeitingar, samvinnu, aðlögunarhæfni og mildi. Loks ræddi Miriam Petra Ómarsdóttir Awar við hópinn um sína vegferð, þá tilfinningu að upplifa sig utangarðs og hvað fælist í því að vera Íslendingur og tilheyra samfélaginu.

Í nóvember var hafist handa við að leggja drög að framhaldi verkefnisins sem stefnt er að á vormisseri ársins 2024. Ákveðið var að það skyldi vera með breyttu sniði frá því um haustið og miða að því að tengja ungmenni við félagsstarf sem er á Eyjafjarðarsvæðinu fremur en að skipuleggja sérstakt starf ætlað þeim. Sú vinna fólst í að kortleggja hvað stendur ungmönnum almennt til boða og hafa samband við mögulega samstarfsaðila. Drög að dagskrá voru unnin í samstarfi við verkefnastjóra erlendra nemenda við Verkmenntaskólann á Akureyri.

HAGNÝTUR OG SÁLFÉLAGSLEGUR STUÐNINGUR

Hagnýtur og sálfélagslegur stuðningur stendur fólki með alþjóðlega vernd til boða í opnum viðtalstímum sem haldnir eru af starfsfólki deildarinnar. Þangað sækir fólk sér nauðsynlegar upplýsingar og er vísað áfram á viðeigandi þjónustuaðila, svo sem félagsþjónustuna, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun eða önnur félagasamtök. Í opnum viðtalstímum fær fólk einnig úthlutað inneignarkort í fataverslanir Rauða krossins og nauðsynjar á borð við rúmföt, handklæði og barnafatnað. Þá eru veitt, bæði innan og utan slíkra viðtalstíma, sérstök sálfélagsleg viðtöl umfram það sem felst almennt í virkri hlustun og almennri aðstoð. Áhersla er á valdeflingu og að mæta fólki með hlýju og af virðingu. Auk opinna viðtalstíma hefur fólk af erlendum uppruna nær daglega samband við starfsmenn deildarinnar og óskar eftir margvíslegri aðstoð.

SAMANTEKT Á TÖLUM


Á árinu 2023 voru notendur þjónustu deildarinnar við flóttafólk og aðra innflytjendur alls 133. Þar eru börn og aðrir fjölskyldumeðlimir notenda þó ekki talin með og því raunar mun fleiri sem nutu góðs af umræddri þjónustu. Virkir sjálfboðaliðar í verkefnunum öllum voru 54 á árinu, þar af 45 í þörunarverkefnum og 9 í hópvirgni. Haldin voru 3 nýliðanámskeið fyrir verkefni með flóttafólki sem 18 einstaklingar sóttu.



133 notendur
þjónustu



54 sjálfboðaliðar



45 þörunarverkefni

VINAVERKEFNI

Heimsóknavinaverkefni deildarinnar er í mikilli þróun. Meirihluti skjólstæðinga er eldra fólk sem ýmist býr heima hjá sér eða á öldrunarheimilum en vaxandi hluti skjólstæðinga er félagslega einangrað yngra fólk sem á við geðrænar áskoranir að stríða. Þetta gerir verkefnin meira krefjandi og leggur þá ábyrgð á verkefnastjóra að undirbúa sjálfboðaliðana betur, fylgja þeim vel eftir og styðja.

Hópstjórar heimsóknavina á Akureyri til langs tíma hafa verið Hörður Ólafsson og Sólveig Gunnarsdóttir. Í haust kom svo inn nýr hópstjóri, Jóhanna María Agnarsdóttir. Fjórir fundir voru haldnir með sjálfboðaliðum í verkefninu og nokkrir með hópstjórum. Þrjú nýliðanámskeið voru haldin í verkefninu, leiðbeinandi var Sóley Björk Stefánsdóttir.

Sjálfboðaliðar í heimsóknavinum voru 32; 31 á Akureyri og 1 á Siglufirði.

Hundavinir nefnast þeir sjálfboðaliðar sem hafa hund í fylgd með sér í heimsóknum til skjólstæðinga. Nýliðanámskeið var haldið í maí og útskrifuðust 5 nýjir heimsóknarvinir með hund. Hópstjórar í verkefninu eru María Björk Guðmundsdóttir og Kristbjörg María Bjarnadóttir en þær voru einnig leiðbeinendur á námskeiðinu.

Erfitt er að setja tölu á fjölda þeirra sem njóta góðs af heimsóknunum. Í ljósi þess að allir hundavinirnir heimsóttu stofnanir er fjöldinn margfalt hærri en fjöldi skráðra verkefna. Heimsóknastaðir voru hjúkrunarheimilin Hlíð og Lögmennshlíð, Laut – athvarf fyrir fólk með geðraskanir, Skammtíma- og skólavistun fyrir börn, þjónustukjarni í Klettaborg og hjúkrunarheimilið Dalbær á Dalvík.

Í hundavinaverkefninu voru á árinu 11 sjálfboðaliðar, þar af tveir hópstjórar sem ekki gegna heimsóknum.

Símavinaverkefnið er undir stjórn Rauða krossins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Fimm búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu þáðu þjónustuna en enginn sjálfboðaliði var búsettur á svæðinu.



NEYÐARVARNIR

Það er lögbundið hlutverk Rauða krossins í almannavörnum að bregðast við hópslysum og náttúruvá sem ógnar fjölda fólks, með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þar aðhlynningu þeim sem þurfa. Eyjafjarðardeild á að vera tilbúin til að opna slíkar stöðvar á starfssvæði deildarinnar og hefur á hverjum stað sjálfboðaliða til taks til að takast á við slík verkefni. Utanumhald með fjöldahjálparhópum er í höndum starfsfólks Eyjafjarðardeildar. Reglulega eru haldin vefnámskeið fyrir sjálfboðaliða sem hafa áhuga á að starfa í fjöldahjálpar. Slík námskeið eru haldin af starfsfólki Landsskrifstofu á neyðarvarnarsviði og eru ávallt fyrir sjálfboðaliða af öllu landinu, óháð staðsetningu.

Fulltrúar fjöldahjálpar opnuðu fjöldahjálparstöð í Ólafsfirði í febrúar vegna rútuslyss.



Um miðjan nóvember stóð Rauði krossinn á Íslandi að uppsetningu þjónustumiðstöðvar vegna eldgosahrinunnar á Reykjanesskaga, ásamt Almannavarnardeild ríkis-lögreglustjóra og Grindvíkurbæ. Þjónustumiðstöðin var ætluð Grindvíkingum og öðrum sem höfðu orðið fyrir áhrifum jarðhræringanna á Reykjanesi. Þangað var hægt að sækja þjónustu ýmissa stofnana, svo sem sveitarfélagsins, Vinnumála-stofnunar, Náttúruhamfaratryggingar Íslands, auk samveru. Hlutverk starfsfólks og sjálfboðaliða Rauða krossins var að taka hlýlega á móti fólki, vísa því áfram á viðeigandi aðila og veita sálrænan stuðning í

sérstökum viðtalsherbergjum. Starfsfólk Eyjafjarðardeildar kom inn í þetta verkefni til þess að léttast undir með starfsfólki og sjálfboðaliðum af suðvesturhorninu sem höfðu staðið vaktina streitulaust fyrstu dagana eftir að atburðurinn hófst. Hér norðan heiða stóðu starfsmenn og sjálfboðaliðar einnig vaktina í upplýsingasíma ætlaðan Grindvíkingum.

VIÐBRAGÐSHÓPUR



63 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp

Árið 2023 voru 91 sjálfboðaliði skráður í neyðarvarnir. Þar af voru 63 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp á starfssvæðinu, 25 á Akureyri, 12 á Grenivík, 3 í Grímsey, 12 á Dalvík, 5 á Siglufirði og 6 á Ólafsfirði. 25 sjálfboðaliðar voru skráðir í viðbragðshóp, flestir á Akureyri en einn í Ólafsfirði og einn á Grenivík. Því til viðbótar voru 3 í aðgerðastjórn og 3 á bakvaktarsíma Rauða krossins.



25 sjálfboðaliðar voru skráðir í viðbragðshóp

Í viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru sjálfboðaliðar sem eru sérþjálfaðir í að veita polendum sálrænan stuðning eftir alvarleg áföll. Sjálfboðaliðar skipta með sér vöktum og eru þrír á vakt í einu, viku í senn. Teymið fór í tíu fjölbreytt útköll á árinu og má þar nefna sem dæmi vinnuslys, flugslys, bruna og sjálfsvíg. Umfangmesta útkallið var á Neskaupstað þar sem snjóflóð höfðu fallið en aðilar úr viðbragðshópi fóru og aðstoðuð í fjöldahjálparstöðinni í fimm daga.

Hópstjórar halda viðrunarfundi með þeim sjálfboðaliðum sem fara í útkall ef þörf er á. Viðrunarfundir eru ýmist haldnir í húsnæði Rauða krossins eða á fjarfundi, eftir aðstæðum hverju sinni.

Hópstjórar viðbragðshóps á árinu voru Katrín Guðrún Guðjónsdóttir og Eydís Ösp Eypórsdóttir. Utanumhald með viðbragðshópum á landsvísu er í höndum Landsskrifstofu en sjálfboðaliðarnir tilheyra deildum.



Viðbragðshópur aðstoðaði við opnun fjöldahjálparstöðvar á Neskaupstað

Haldnar voru verklegar æfingar og þann 25. mars var haldið neyðarvarnamálþing á Reykjum í Hrótafirði. Þangað fóru átta sjálfbóðaliðar og tveir starfsmenn. Viðbragðshópur fékk áhugaverða fyrirlestra á árinu. Í janúar sagði Davíð Kristinsson, björgunarsveitarmaður, frá því þegar stór skriða gekk í gegnum Seyðisfjörð þann 18. desember 2020 og tók með sér fjölmörg hús. Skriða af þessari stærðargráðu hafði ekki fallið á þessu landssvæði í þúsundir ára og var mildi að ekki varð manntjón. Fjallað var um aðdragandann, rýminguna, skriðuna sjálfa, eftirmálin út frá persónulegri reynslu heimamanna í björgunarsveit bæjarins og sóttvarnaráðstafanir vegna Covid. Í febrúar sagði Sveinn Arnarsson, sjálfbóðaliði á bakvaktarsíma, frá reynslu sinni á bakvaktinni og samstarfi við viðbragðsaðila. Í mars sagði Sigríður Björk Þormarr frá för sinni fyrir hönd Rauða krossins til Úkraínu á dögnum. Í október var Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis og hópstjóri hjá Sorgarmiðstöð, með erindi um Stuðning í kjölfar sjálfsvígs, vinnulag, bjargráð og útgefið efni sem hægt er að styðjast við.

Tveir starfsmenn og einn sjálfbóðaliði sóttu ráðstefnu viðbragðsaðila sem haldin var á Húsavík í febrúar. Þar voru saman komnir viðbragðsaðilar af öllu Norðurlandi Eystra sem og starfsmenn almannavarna, bæði á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.



HJÁLPARSÍMINN 1717

Á undanförunum árum hafa sjálfboðaliðar á Akureyri sinnt símsvörun fyrir Hjálparsímann 1717. Verkefnið er í samstarfi við Háskólann á Akureyri þar sem nemendur geta fengið sjálfboðastarf í Hjálparsímanum metið til eininga. Enginn sjálfboðaliði kom í gegnum það samstarf á árinu, þó nokkrir sjálfboðaliðar séu nemendur við HA. Verkefninu er stýrt frá Landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar aðstoðar við öflun sjálfboðaliða, aðstoðar sjálfboðaliða eftir þörfum og heldur utan um kynningarstarf og tengsl við Háskólann á Akureyri.

Í upphafi árs fór verkefnastjóri ásamt sjálfboðaliðum í tíma hjá nemum í sálfræði á 1., 2. og 3. ári og nemum í hjúkrunarfræði á 3. ári til að kynna verkefnið.

Námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða í verkefninu var haldið í febrúar og 6 nýir sjálfboðaliðar komu inn í kjölfar þess. Á árinu 2023 tóku 17 sjálfboðaliðar þátt í verkefninu á vegum deildarinnar.



FRÚ RAGNHEIÐUR

Starf Eyjafjarðardeildar í anda skaðaminnkunar undir merkjum Frú Ragnheiðar felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð við einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Sjálfboðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Sjálfboðaliðar eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu og menntun. Ávallt eru tveir sjálfboðaliðar á vakt og einn reyndur sjálfboðaliði á bakvakt. Í kjölfar samnings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands er annar sjálfboðaliðinn á vakt með heilbrigðismenntun og auk þess er læknir á bakvakt sem getur m.a. ávísað sýklalyfjum.

Fjöldi einstaklinga sem leitaði til Frú Ragnheiðar árið 2023 var 51 í 584 heimsóknum en árið 2022 voru einstaklingarnir 46 í 412 heimsóknum. Af þessum fjölda (51) voru 10 viðbragðsaðilar og einstaklingar sem leituðu til verkefnisins til að fá Nyxoid nefúðann. Ekki er því um fjölgun skjólstæðinga í nálaskiptaþjónustu að ræða en þeim fækkaði um fimm milli ára, úr 46 í 41. Komum í bílinn fjölgaði þó umtalsvert milli ára eða um 172 komur. Líklegt er að rekja megi þessa aukningu til aukinnar eftirfylgni við einstaklinga og vegna þjónustu í tengslum við nefúðann.

Starfsmenn verkefnisins lögðu mikla áherslu á að kynna Nyxoid nefúðann fyrir viðbragðsaðilum (lögreglu og sjúkraflutningafólks) og einstaklingum á árinu og sinntu þannig málsvaustarfi fyrir skjólstæðingahópinn. Allar vaktir innan lögreglunnar fengu kynningu um úðann og starfsemina í tengslum við sérstakt viðbragð innan verkefnisins til að reyna að draga úr andlátum tengd ofskömmtunum á ópíódum.

Í janúar var haldið nýliðanámskeið þar sem skráning á námskeiðið fór fram úr öllum væntingum. Rúmlega 60 einstaklingar skráðu sig en 33 luku námskeiðinu og voru í kjölfarið boðaðir í viðtöl hjá hópstjórum. Nýir sjálfboðaliðar hófu störf í verkefninu reglulega yfir árið.



51 einstaklingur sótti þjónustu
Frú Ragnheiðar í 584
heimsóknum



172 lítrum af notuðum búnaði
var fargað í samstarfi við
Sjúkrahúsið á Akureyri



Mikill áhugi sjálfboðaliða
á þátttöku í verkefninu

Sjálfbóðaliðar verkefnisins hafa fjölbreytta menntun sem nýtist vel í starfinu. Tvö skyndihjálparnámskeið voru haldin fyrir nýja sjálfbóðaliða og eldri sem vildu rifja upp handtökin. Í maí var "pop-up" kynning á Akureyri þar sem markmiðið var að auglýsa verkefnið fyrir almenningi, gefa fólki kost á að spjalla við sjálfbóðaliða/hópstjóra og fá afhentan Nyxoid nefúðann.

Í lok maí var sjálfbóðaliðum boðið upp á handleiðslu sem var nokkuð vel sótt og ánægja ríkti með það.

Um haustið boðuðu hópstjórar, ásamt deildarstjóra, aðila sem vinna í málaflokknum í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð á fund. Þangað komu einstaklingar sem vinna ýmist í félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða sem viðbragðsaðilar (lögregla og sjúkraflutningafólk) á svæðinu. Farið var yfir stöðu skjólstaðingahópsins og rætt hvort þörf væri á skaðaminnkandi þjónustu á svæðinu, jafnvel með aðkomu Frú Ragnheiðar. Það samtal mun halda áfram á nýju ári.

Í október fóru hópstjórar og deildarstjóri suður yfir heiðar og hittu starfsmenn Frú Ragnheiðar á Suðurnesjum og í Reykjavík. Þar var Helga Sif, sérfræðingur í skaðaminnkun og ein af upphafskonum Frú Ragnheiðar á höfuðborgarsvæðinu, með stutt fræðsluerindi og starfsmenn áttu í kjölfarið góða stund saman og kynntust betur.

Í desember gerðu nokkrir sjálfbóðaliðar sér ferð til Ólafsfjarðar ásamt hópstjóra og buðu almenningi í Fjallabyggð og á Dalvík að kynnast verkefninu. Aðsókn var dræm.

Verkefnið finnur fyrir stuðningi samfélagsins, bæði í formi styrkja og velvildar. Þannig styrkti hópur úr vélhjólasamtökunum Sober riders verkefnið. Auk þess bárust verkefninu þrjónavörur alls staðar að á landinu. Fyrirtæki sýndu áfram áhuga á að fá kynningu á verkefninu og þá sérstaklega Nyxoid nefúðanum en sum fyrirtæki tóku ákvörðun um að hafa lyfið aðgengilegt á vinnustaðnum.

Alls tóku 38 sjálfbóðaliðar þátt í verkefninu á árinu. Sjálfbóðaliðar voru mjög öflugir og hikuðu ekki við að bjóða sig aukalega fram, ofan á sitt venjubunda starf. Alltaf var nægt framboð sjálfbóðaliða við að manna og undirbúa viðburði eða að sjá um innpökkun á jólapökkum, svo dæmi séu nefnd.

Þá var 172 lítrum af notuðum búnaði fargað í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri.

VELFERÐARSJÓÐUR

Líkt og undangengin ár vann Eyjafjarðardeild ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar undir hatti Velferðarsjóðs Eyjafjarðar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna. Í stjórn Velferðarsjóðsins sitja tveir tilnefndir fulltrúar frá ofantöldum hjálparsamtökum, einn stjórnarmaður og einn varamaður. Fulltrúar Eyjafjarðardeildar voru Kristín Björk Gunnarsdóttir stjórnarmaður og Sigríður Stefánsdóttir sem varamaður.

Velferðarsjóðurinn tekur á móti umsóknum um stuðning, vinnur úr þeim og afgreiðir eftir tekjuviðmiðum. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en mikill fjöldi fólks sækir um og fær úthlutað allt árið um kring. Aðkoma Rauða krossins milli jóla er fyrst og fremst með stjórnarsetu í sjóðnum og góðu samstarfi við félagasamtökin sem að þessu verkefni koma.



Velferðarsjóður hefur hingað til reitt sig á framlag fyrirtækja og einstaklinga og hefur aðalfjáröflun sjóðsins verið um og í kringum jólin. Á því var engin undantekning þetta árið en nú var farið í talsverða vinnu við að kortleggja fyrirtæki og velunnara sjóðsins og vinnuferlar sjóðsins bættir varðandi umsóknir, þakkarbréf og kvittanir. Þá var ákveðið að leita samstarfs við Glerártorg til þess að koma sjóðnum enn frekar á framfæri og varð úr sala á velferðarstjörnunni, fallegu jólaskrauti sem verkefnastjórar markaðsmála á Glerártorgi, hönnuðu. Slippurinn á Akureyri framleiddi skrautið og rann allur ágóði í velferðarsjóðinn.

Alls seldust um 300 stykki af velferðarstjörnunni, sem gaf um eina milljón króna í velferðarsjóðinn.

Velferðarsjóðurinn er ávallt að reyna að gera betur og leggur metnað sinn í að koma til móts við þá sem til hans sækja. Góð reynsla hefur gefist af rafræna umsóknarferlinu og sækja sífellt fleiri um í gegnum heimasíðu sjóðsins www.velferday.is. Þá var ákveðið að breyta úthlutarferlinu þessi jól til þess að tryggja að fólk þyrfti ekki að bíða í röð eftir úthlutun. Hver stofnanna innan Velferðarsjóðsins tók að sér ákveðið margar úthlutanir og dreifði þeim á fyrirfram ákveðna daga á tímabilinu 21. nóv – 15. des. Þannig varð meira flæði í úthlutunum og hægt að bregðast við tilfellum sem skiluðu sér t.d. seinna.

Fjöldi umsókna vegna jólaaðstoðar hélst mjög svipaður á milli ára. Sjóðnum bárust tæplega 500 umsóknir en úthlutanir voru 434. Ákveðið var að hækka grunnstuðning jólaaðstoðar um 14% frá því árinu áður og viðbótarstuðning við hvert barn um 20%. Sjóðurinn úthlutaði samtals 16,7 milljónum króna í formi inneignakorta í matvöruverslunum auk gjafakorta frá Rauða krossinum og Hertex.

Tveir sjálfboðaliðar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla. Auk þess áttu allir fimm starfsmenn deildarinnar aðkomu að úthlutun út sjóðnum. Rauði krossinn við Eyjafjörð leggur ekki til beint fjárframlag í sjóðinn en leggur til sjálfboðaliða, starfsfólk og aðstöðu til verkefnisins. Einnig úthlutaði Rauði krossinn við Eyjafjörð fatakortum að andvirði 3 milljóna króna.

VIÐBRÖGÐ VIÐ NEYÐARBEIÐNUM

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild lagði á árinu til 2.500.000 krónur vegna hungursneyðar í Sómalíu.



NÁMSKEIÐAHALD OG FRÆÐSLA

Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Eyjafjarðardeildar. Kennarar á vegum Eyjafjarðardeildar héldu 74 námskeið í skyndihjálpi á árinu sem er sambærilegur fjöldi og árið áður. Í október var haldið fyrsta leiðbeinendanámskeiðið í skyndihjálpi á Akureyri og í kjölfarið kom flottur og öflugur hópur nýrra leiðbeinenda inn í starf deildarinnar við kennslu í skyndihjálpi.

Haldin voru þrjú PFA (Psychological First Aid) námskeið fyrir sjálfboðaliða deildarinnar. Á námskeiðinu eru kenndar aðferðir sálrænnar fyrstu hjálpar til að styðja við fólk í uppnámi og þannig aðstoða það við að ná ró og stjórn á aðstæðum. Sú færni getur hjálpað sjálfboðaliðum að vera til staðar og bregðast við þegar fólk þarf á stuðningi að halda.



Þrjú námskeið í sálrænum stuðningi voru haldin fyrir sjálfboðaliða deildarinnar

Mikill áhugi var meðal sjálfboðaliða á námskeiðinu og sóttu 25 sjálfboðaliðar námskeiðin þrjú. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku og kemst því takmarkaður fjöldi að á hverju námskeiði.

Haldið var tveggja tíma endurlífgunarnámskeið í skyndihjálpi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar. Námskeiðið var afar vel sótt, eða rúmlega 20 manns mættu og komust færri að en vildu. Stefnt er að því að halda aftur slíkt námskeið snemma á nýju ári.

Haldnar voru 18 kynningar á árinu fyrir 506 þátttakendur. Mestur fjöldi var á kynningum á verkefninu Hjálparsíminn 1717 fyrir nema í sálfræði og hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri eða 145 þátttakendur. Almennar kynningar á starfi deildarinnar með áherslu á heimsóknarvinaverkefni voru haldin fyrir félög eldri borgara á svæðinu, þær sóttu 133 þátttakendur. Verkefni deildarinnar voru kynnt á starfslokanámskeiði sem haldið var á vegum nokkurra stofnana á Akureyri. Haldið var erindi um fataverkefni deildarinnar á umhverfisþingi Stórutjarnarskóla, auk þess sem að smærri hópar komu í Viðjulundinn og fengu ýmist almennar kynningar eða kynningar á fataverkefnum.

Fræðslupistlar um starfsemi deildarinnar voru birtir vikulega í upphafi árs á vefnum Akureyri.net. Einnig voru birtir pistlar síðar um árið þegar tilefni var til, á svæðisvefmiðlunum Akureyri.is og kaffid.is. Blaðamaður Akureyri.is tók viðtal við verkefnastjóra deildarinnar um verkefni sem tengjast flóttafólki sem birtist í lok nóvember. Alls birtust 11 umfjallanir um deildina í þessum tveimur svæðismiðlum.

Deildin tók þátt í Vísindaskóla unga fólksins sem starfrækt er af Háskólanum á Akureyri fyrir börn á aldrinum 11 til 13 ára. Vísindaskólinn er þemaskiptur eftir dögum en aðkoma starfsfólks deildarinnar fólst í fyrirlestri undir þemanu „Hvað eiga hvergi heima“.



Verkefnastjóri og sjálfbóðaliði kynntu Hjálparsímann 1717 fyrir nemum við HA



Rauði krossinn tók þátt í umhverfisþingi Stórutjarnarskóla

FÉLAGSSTARF

Rauði krossinn er félag sem byggir á sjálfböðnu starfi. Þátttaka félagsmanna í starfi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfböðnu starfi í verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Haldinn var sumarfagnaður þar sem var grillað og notið góðrar stundar saman og fyrir jólin var haldið jólahlaðborð með hangikjöti og uppstúf. Á bilinu 80-95 sjálfböðaliðar mættu á báða viðburði.

Formaður deildarinnar tók ásamt deildarstjóra þátt í formannafundi á Reykjum í Hrútafirði í nóvember.



SAMSTARFSAÐILAR

Fjölsmiðjan á Akureyri var stofnuð 9. júlí 2007. Stofnaðilar voru Akureyrardeild Rauða krossins, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eining-löja og FVSA.



Gunnar Már Gunnarsson fulltrúi SSNE tók við af Karen Malmquist í stjórn Fjölsmiðjunnar. Með þeim á myndinni er Erlingur Kristjánsson framkvæmdastjóri Fjölsmiðjunnar

Meginmarkmið Fjölsmiðjunnar er að valdefla ungt fólk sem standur á krossgötum í lífi sínu við að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað og/eða frekara nám. Allt frá upphafi hefur Rauði krossinn við Eyjafjörð - áður Akureyrardeild - átt fulltrúa í stjórn Fjölsmiðjunnar og árið 2022 var formaður Fjölsmiðjunnar úr stjórn Eyjafjarðardeildar. Á árinu 2022 áttu sér viðræður milli Eyjafjarðardeildar og Fjölsmiðjunnar um hvort farsælla yrði fyrir Fjölsmiðjuna að fá fulltrúa frá SSNE inn í stjórn Fjölsmiðjunnar sem tæki þar með við sæti stjórnarmanns Eyjafjarðardeildar. Voru báðir aðilar sammála um að slík breyting gæti reynst starfsemi Fjölsmiðjunnar vel. SSNE samþykkti að leggja til stjórnarmann og úr varð að stjórn Eyjafjarðardeildar ákvað að draga sig formlega

út úr stjórnarstarfi Fjölsmiðjunnar. Á fundi Fjölsmiðjunnar í mars 2023 lauk því 15 ára samstarfi Rauða krossins og Fjölsmiðjunnar. Við þökkum Fjölsmiðjunni kærlega fyrir farsælt samstarf og óskum henni alls hins besta.

Rauði krossinn við Eyjafjörð og Háskólinn á Akureyri gerðu með sér samkomulag á árinu um að nemendur við kennaradeild HA geta nú fengið 6 ECTS einingar fyrir valnámskeið sem felst í vinnu í sjálfböðaverkefnum sem snúa að stuðningi við flóttafólk og innflytjendur. Hver nemandi þarf að skila um 170 klukkustundum í vinnu auk þess að skila skýrslu um verkefnið. Með þessu samstarfi fá nemendur mjög verðmæta reynslu og Rauði krossinn öfluga sjálfböðaliða í sínar raðir. Lagt er upp með að valnámskeiðið verði í boði í fyrsta sinn á haustönn 2024.

STYRKIR OG VELUNNARAR

Brauðgerðarhús Akureyrar við Sunnuhlíð styrkti Rauða krossinn rausnarlega með brauði og bakkelsi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar.

Ekran styrkti Frú Ragnheiði reglulega á árinu með matvöru fyrir skjólstæðinga verkefnisins.

Ladies Circle 7 hélt viðburð í húsnæði Rauða krossins sem bar heitir List og Lyst þar sem boðið var upp á listaverk til sölu sem og bakkelsi og var afrakstur sölunnar veittur sem styrkur til flóttamannaverkefna deildarinnar, 300 þúsund krónur.

Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Finnur ehf halda áfram að sjá til þess að bílaplanið við Viðjulund sé fært óháð veðráttu.

Ýmsir aðrir hafa styrkt starf Eyjafjarðardeildar sem of langt mál yrði upp að telja og fullyrða má að deildin nýtur velvilja almennings, félaga og fyrirtækja. Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar öllum einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt deildinni lið á árinu 2023.